

Grunnskólinn á Stokkseyri



Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlanir

Eldvarnir snerta alla – alla daga meira og minna. Heima, í vinnunni og nánast hvar sem er.

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka þ.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf. Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingartæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum. Einnig með Björgunaráætlunum þ.m.t. rýmingaráætlunum.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við, ef menn skyndilega standa frammi fyrir vanda sem skapast getur af eldsvoða, nema menn hafi gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun.

Til þess að allir sem málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef menn vilja vera vissir um að áætlunin sé raunhæf, þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir, eða hluta þeirra, til að þær geti talist öruggar.

Afgerandi þáttur í framkvæmd rýmingar er tíminn. Því þarf að leita leiða til að hún taki sem allra stystan tíma. eins þarf að reyna að koma því þannig fyrir að hún geti hafist sem allra fyrst, eftir að hættuástand skapast.

Þau atriði sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar eru m.a.:

Fólksfjöldinn.

Hreyfigeta fólksins.

Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða.

Rýmingarleiðir.

Söfnunarstaður og Lokastaður.

Tíminn til rýmingar.

Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið hinna ólíku hópa sem hafa með málið að gera komi fram.

Við skulum líta á þau atriði sem meðal annars þarf að hafa í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir Grunnskólann á Stokkseyri.

1. **Fólksfjöldinn:** Flest eru börnin **109** samtímis í skólanum og starfsmenn eru 19. Verður ekki betur séð en það sé vel mannað og með góðri samvinnu ætti rýming að ganga vel.
2. **Hreyfigeta fólksins:** Telja verður að ung börn þurfi mikla aðstoð við að bjarga sér. Ekki endilega vegna skertrar hreyfigetu, heldur vegna vanhæfni að meta hættuna og hvernig bregðast eigi við hættu.
3. **Fjöldi aðstoðarfólks:** Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið. Það er fyrst þegar kemur að slökkvistarfi sem aðstoðar getur verið þörf.
4. **Rýmingarleiðir:** Rýmingarleiðir eru 2 til 3 úr hverri stofu og útgangar eru merktir með út-ljósum. Vegna þess að útidyrhurðir opnast út, þarf að gæta þess að ekki safnist snjór fyrir hurðirnar að vetrinum. **Sparkvöllurinn hefur verið valinn sem söfnunarstaður.**
5. **Lokastaður:** Gamli skólinn er lokastaður.
6. **Tíminn til rýmingar:** Tími til rýmingar er ekki mikill, vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er aðgert. Húsið er vel byggt og stenst í öllum megin atriðum kröfur. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi. Einnig er vatnsúðakerfi í húsinu þannig að slökkvistarf hefst um leið og hiti hefur náð ákveðnu marki. Rýming á því í öllum tilfellum að ganga vel og vera auðveld.

Viðvörðunarkerfi

Boð frá brunaviðvörðunarkerfi: Í skólanum er brunaviðvörðunarkerfi. Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfinu er mjög mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Skólastjóri eða staðgengill hans sér um að kannað sé hvað valdi boðum

Athugið!

Brunaviðvörðunarkerfið er tengt vaktstöð.

Eðlilegt ástand

Þegar ástand brunaviðvörðunarkerfis er eðlilegt á að loga stöðugt grænt spennuljós.

Þegar eldur kemur upp heyrir í innra tónmerki stöðvar ásamt hljóðgjöfum (bjöllum), rauðu ljósin „Brunaboð“ lýsa og á skjánum birtast upplýsingar um eldsupptök með vistfangi tækisins og staðsetningu.

Viðbrögð við boðum: Allir starfsmenn fara í viðbragðsstöðu. Einhver fer að stjórnstöð kerfisins og framkvæmir eftirfarandi:

1. Þrýstir á hnapp sem er merktur: Slökkva á bjöllum og slá inn 12345.
2. Á skjá sést hvaðan boðin koma.
3. Finna á uppdrætti á hvaða svæði viðkomandi skynjari er.
4. Fara strax og kanna hvað valdi boðunum.

Falsboð: Ef engin merki finnast um eld á því svæði sem boðin komu frá er mikilvægt að finna skynjarann sem sendi boðin, hann finnst á því að lítið gaumljós logar á skynjara sem hefur sent boð. Mikilvægt er að skrá öll falsboð í þjónustubók sem fylgir kerfinu. Að lokum skal endursetja kerfið með því að þrýsta á hnapp „Endursetja“ og slá inn 12345..

Raunveruleg eldboð: Ef um eld er að ræða, skal þegar í stað var alla við með því að ýta á takka sem er merktur „Rýming“, eða brjóta næsta handboða. Þá fara bjöllur aftur í gang og Eiga þá allir að vita að hætta er á ferðum og skal þegar í stað setja í gang rýmingaráætlun. Hikið aldrei við að rýma húsið ef minnsti grunur er um að þess þurfi. Betra er að taka ákvörðun um rýmingu fyrir en seinna.

Jafnvel þó takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs, til að reykkræsta húsið og meta hvort hætta er á frekari eldi

Rýmingaráætlun

Stjórnun: Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna. **Skal það vera skólastjóri eða staðgengill hans.** Mikilvægt er að stjórna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar.

Röð á aðgerðum:

- Hringja: Kalla til aðstoð.** Ef allt er með feldu er hringt frá vaktstöð til að kanna hvað valdi eldboðum. Svarið símanum ef mögulegt er, það flýtir fyrir. **Ef ekki er hringt, skal strax gera ráðstafanir til að kalla til aðstoð.**
Samræmt neyðarnúmer 112
Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið.
Takið fram ef einhver hefur slasast.
Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.
- Bjarga: Yfirmaður tekur ákvörðun um rýmingu og deilir verkefnum á starfsmenn.** Mikilvægt er að kennari sjái um þann bekk sem viðkomandi er að kenna hverju sinni. Skólaliðar aðstoða þar sem þörf er á. Kennari hefur nafnakall þegar komið er á söfnunarstað (sparkvöllinn). Þegar að stofan er yfirgefin skal loka hurðum. Mikilvægt er að allir fari síðan á sparkvöllinn og bíði þar uns stjórnandi gefur leyfi til að yfirgefa staðinn. Ef í ljós kemur við nafnakall að einhver vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til Neyðarlínu og slökkviliðs.
- Slökkva:** Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. **Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflunni.** Slökkvitæki og brunaslöngur eru víðsvegar um húsið, hver og einn á að kynna sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur.
- Slökkvilið kemur á staðinn.** Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Láta foreldra vita.** Hafa samband (eftir nafnalista) við foreldra / forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
- Sálrænn stuðningur.** Skólastjóri metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og- eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Í ELDSVOÐA SKIPTA FYRSTU VIÐBRÖGÐ SKÖPUM

Ef boð koma frá bruna-viðvörðunarkerfi	Kannið alltaf hvað veldur boðunum	Ef ekki er eldur, þá endurstillið kerfið	Ef eldur er laus, þá skal sett í gang <u>Rýmingaráætlun</u>
--	-----------------------------------	--	--

RÝMINGARÁÆTLUN FYRIR Grunnskólann Stokkseyri

Boð frá brunaviðvörðunarkerfi.
Farið að stjórnstöð í anddyri.

Þrýstið á hnapp: **Bjöllur af og slá inn 12345**

Fram kemur á stöðinni á hvaða svæði eldur er.

Finnið á uppdrætti hvar í húsinu viðkomandi svæði er.

Kannið svæðið sem boðin komu frá.


Eldur:	Brjótið næsta handboða Eða ýtið á takka „Rýming”	Ekki eldur:	Ýtið á takka Endursetja og síðan slá inn kóða 12345
Þegar	<u>bjöllur fara aftur í gang</u>	Hætta!	ALLIR ÚT!

Takkar sem nota þarf á stjórnstöð


0	Slökkva á bjöllum
0	Rýming
0	Endursetja

Kerfið er tengt vaktstöð. Eftir smá stund er hringt frá vaktstöðinni til að kanna hvað valdi boðunum. Svarið símanum ef mögulegt er og segið frá ástandinu.

1.	Ef ekki er hringt frá vaktstöð. HRINGJA: Samræmt neyðarnúmer er 112 Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið Tilgreinið húsnúmer, götu og sveitarfélag
2.	Bjarga: Bjargið sjálfum ykkur og nemendum. Kennari sér um sinn hóp (bekk) og hefur nafnakall úti á söfnunarstað. Söfnunarstaður er tilgreindur í hverri stofu. Lokastaður er gamli skólinn, þar er nafnalisti. Verið viss um að allir komist út, börn geta falið sig víða.
3.	Slökkva: Þegar rýmingu er lokið skal huga að slökkvistarfi.



1. Нæð.



2. hæð.

Viðbrögð við jarðskjálfta

Jarðskjálftar geta verið ógnvekjandi meðan þeir ganga yfir og því þörf á að gera sér grein fyrir hvað skal gera. Á sjúkrastofnunum, elliheimilum, íbúðum aldraðra og fleiri stofnunum, eru fáir starfsmenn samtímis á sumum tímum sólarhrings. Á leikskólum og skólum er yfirleitt betur mannað, þó getur kennari verið með 25 börn.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að einn starfsmaður getur ekki rýmt stóra byggingu einn síns liðs. Því er fyrsta verk að reyna að sýna stillingu og róa fólk eftir bestu getu.

Byggingar sem byggðar hafa verið á seinni árum eru sterkbyggðar og þola vel álag frá þeirri stærð jarðskjálfta sem hefð er fyrir á landinu, þannig að í flestum tilfellum eru hús örugg hvað varðar hrún.

Hvað er hægt að gera til að minnka líkur á slysum í jarðskjálfta?

- Gangna frá þungum hlutum þannig að þeir falli ekki yfir fólk.
- Festa skápa og innréttingar.
- Halda rýmingarleiðum greiðum.
- Hafa aldrei þungar myndir eða veggskraut á veggjum yfir rúmum.
- Vekja athygli yfirmanns á því sem betur má fara.

Hvað er hægt að gera meðan jarðskjálfti gengur yfir?

- Í sterkum jarðskjálfta er lítið hægt að gera fyrr en jarðskjálftinn er genginn yfir.
- Mikilvægt að halda ró og forðast fallandi hluti.
- Ef hægt er, skal leita skjóls í dyragötum, í hornum burðarveggja, eða undir borðum.
- Varist allt óðagot.

Aðgerðaáætlun

Hvað er hægt að gera eftir að jarðskjálfti er genginn yfir?

1. Gætið fyrst að eigin öryggi og reynið að sýna stillingu.
2. Hafið samband við neyðarlínu sími 112, eða Björgunarfélag Árborgar í síma 8923457 og óskið eftir aðstoð. Ef ekki er símasamband skal reyna að vekja athygli á annan hátt (til dæmis lak út um glugga). Í skipulagi Almannavarna er gert ráð fyrir að haft sé samband við staði þar sem margt fólk dvelur. Af eðlilegum ástæðum getur liðið nokkur tími, því staðir eru margir sem þarf að kanna.
3. Aðstoðið aðra í húsinu eftir föngum. Leiðbeinið fólki út og aðstoðið lasburða eftir föngum. Ef einn maður er á vakt er best að byrja að rýma á fyrstu hæð og fylgjast með þegar björgunarmenn koma. Dveljið utan dyra, fjarri háum húsum.
4. Fylgist með hvort eldur verður laus, eða hvort vatn lekur. Ef gas er notað í húsinu skal loka fyrir gasloka.
5. Notið aldrei lyftur í jarðskjálfta og takið straum af lyftunni til að aðrir noti þær ekki.
6. Þið eruð ekki ofurmenni, virðið eigin takmörk.